



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1969*  
*kömudagur 19.4.2004*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. apríl 2004

**Efni: Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál**

*Tilv: 2004040008*

Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 6. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Bændasamtök Íslands lýsa sig jákvæð gagnvart þeirri kerfisbreytingu sem frumvarpið boðar og eru sammála því að "litunarleiðin" sé valin fremur en endurgreiðslukerfi.

Hins vegar hljótum við að benda á einn vankant, sem snýr að hagsmunum okkar umbjóðenda. Í greinargerð með frumvarpinu kemur skýrt fram, að því er almennt ekki ætlað að íþyngja þeim, sem í dag greiða þungaskatt. Það er a.m.k. einn misbrestur á að þetta markmið náí fram. Í lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar segir svo í 4. mgr. 7.gr:

*"Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutadeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf."*

Láta mun nærri, að þessi endurgreiðsla hafi numið um 70 þús. kr. á síðasta ári til þeirra sem hennar nutu, en hún fellur niður við lagabreytinguna, nema breyting verði gerð á frumvarpunu og til þess er mælst.

Virðingarfyllst,

Sigurgeir Þorgeirsson